

Malbikunarstöð Akureyrar er með viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengandi efni valdi skaða á umhverfið. Ef verður bilun, óhapp eða slys skal tafarlaust grípa til aðgerða til að fyrirbyggja skaða á umhverfið.

Viðbúnaður og viðbrögð við umhverfisatviki

Starfsmenn sem verða varir við óhöpp eða neyðartilvik í umhverfismálum skulu grípa til aðgerða í samræmi við **MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun**.

Komi upp **minni háttar** umhverfisatvik skal leitast við að takmarka umfang án þess að stefna eigin heilsu eða annarra í hættu. Nota skal viðeigandi hlífðarfatnað. Tilkynna skal deildarstjóra og framkvæmdastjóra um atvikið. Skrásetja skal óhöpp og neyðartilvik á eyðublað merkt MA.1050 - Mengunaróhöpp MA.

Verði **meiri háttar** mengunaróhapp er vísað í vinnulýsingu **MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun**

Umhverfisþáttur	Viðbrögð/ minni háttar umhverfisatvik	Viðbrögð við neyðarástandi
Bruni á eignum	Nota slökkvitæki, vatn, brunateppi.	MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun
Leki asfalts Leki bikþeytu	Skrúfa fyrir upptök eða ýta upp varnargörðum. Hugsanlega hægt að blanda efninu við sand og setja í ílát til förgunar.	MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun
Bruni asfalts Bruni bikþeytu	Slökkva á hitaelementum og rafmagni. Loka öndunaropum á tönkum ef hægt er. Eldur slökktur með brunateppi, froðu en aldrei vatni .	MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun Athuga að halda mannskap utan hættusvæðis vegna eiturgufa sem geta myndast og valdið öndunarerfiðleikum
Leki á viðloðunarefni Leki á flotaolíu	Það er hægt að nota sand og setja í ílát til förgunar	MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun
Bruni á viðloðunarefni Bruni á flotaolíu	Það er hægt að nota sand duft eða koldíoxíð til að slökkva eldinn.	MA.1002 - Neyðar- og viðbragðsáætlun

NEYÐAR- OG VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

- VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA

FYRSTU AÐGERÐIR

Fyrsti maður á vettvang.

1. Tryggja öryggi.

- Tryggja eigið öryggi, öryggi annarra og hins slasaða.
- Hvað gerðist, ÁVERKAR, VEIKINDI, UMHVERFI.
- Fjöldi slasaðra, hjálparlið, búnaður, forgangur.

2. Hringja í 112.

- Hringja í 112 eftir sjúkrabíl, slökkvilið eða lögreglu.
- Lýsa nákvæmlega hvaða aðstoð þarf að berast og hvert.
- Sækja hjálp

3. Veita FYRSTU HJÁLP.

- Öndun, tryggja öndun sjúklings (blástursaðferð ef með þarf).
- Blóðrás, tryggja blóðrás (hjartahnoð) og stöðva meiriháttar blæðingar.
- Taugakerfi, stuðningur við háls og hrygg, meðvitund.

Umsjónarmaður

4. Tryggja vettvang. Senda eftir hjálparliði (ef til staðar). Ekki hreyfa við öðru en nauðsynlegt er til að tryggja staðinn. Sjá til þess að einhver taki á móti bílum neyðaraðstoðar og tryggi að þeir eigi greiða leið á staðinn.

5. Annast hinn slasaða. Deildarstjóri og hjálparliði (ef til staðar) skulu annast hinn slasaðaog veita fyrstu hjálp þar til fagaðilar koma.

6. Fylgja hinum slasaða. Tilnefna aðila til að fylgja hinum slasaða á sjúkrahús. Ganga úr skugga um nafn og kennitölu hins slasaða ásamt síma og heimilisfangi.

7. Tilkynna umsjónarmanni og öryggisfulltrúa um slysið.

NEYÐARSÍMANÚMÉR:112

Deildarstjóri: Jón Hansen (sími: 860-9308)

Umsjónarmaður: Árni Måson (sími: 860-9302)

Öryggisfulltrúi: Gunnþór Hákonarson (sími: 860-9303)

Öryggistrúnaðarmaður: Ómar Ólafsson (sími: 869-1262)

Framkvæmdastjóri: Tómas B. Hauksson (sími: 840-1107)

Gefið nákvæmlega upp:

- Hver hringir Hvað hefur gerst Hvar óhappið er